

KIRKJUGARÐARÁÐ

38. fundur haldinn 13. febrúar 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins, sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestur: Hjalti Zóphóniasson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var viðstaddur 2. lið, kynningu á umsóknum um styrki.

1. Fundur settur kl. 10:15

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2006

Guðmundur Rafn kynnti verkefnið samhliða myndasýningu. Hann nefndi að sótt hefði verið um styrki til 64 verkefna sem dreifast vítt og breytt um landið. Ákvörðun stjórnar um styrkveitingar fylgir hér með.

3. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2006

Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri Biskupsstofu kynnti. Áætlað er að það verði 3,173,000 kr. halli á árinu 2005. Tekjur eru lægri en áætlað var. Í ár eru 36,075 millj. kr. til úthlutunar, en þegar er búið að veita vilýrði fyrir 28,9 millj. kr. þannig að til úthlutunar eru 5,5 millj. kr. Ekki gerðar neinar athugasemdir við fjárhagsáætlunina. Þórsteinn kynnti útteilingu fjár til kirkjugarða vegna 2006 samkvæmt gjaldalíkaninu. Til skiptanna eru rúmlega 747 millj. kr. Vægi nýja kerfisins er 75% og þess gamla 25%. Áætlaður grafafjöldi í útteilingarforritinu er 1910. Samþykkt var að senda Fjársýslu ríkisins upplýsingar um þá skiptingu sem Þórsteinn Ragnarsson kynnti.

4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2006

Þórsteinn og Smári óskuðu eftir að bókað yrði að þeir hefðu áhyggjur af því að lofa styrkjum fram í tímann. Það hefti ráðið í framtíðinni þar sem afar lítið verður eftir til skiptanna ár hvert. Kirkjugarðaráð er bundið af ákvörðunum Kirkjuráðs varðandi þjónustuhús, þar sem Kirkjuráð eru fyrra til að úthluta styrkjum. Smári kom fram með tillögu um að Kirkjuráð og Kirkjugarðaráð hefðu samráð um úthlutanir vegna bygginga þjónustuhúsa við kirkjur og kirkjugarða. Borin var fram til laga um að óska eftir því við Kirkjuráð að Guðmundur Rafn sitji á þeim fundum þar sem ákveðið sé hvaða þjónustubyggingar á að styrkja.

Frestað var úthlutun til Lágafellssóknar og ákveðið að óska eftir ársreikningi þaðan. Einnig var ákveðið að kalla eftir nýjasta ársreikningi frá Grindavík.

Þórsteinn vék af fundi þegar fjallað var um styrk til Hólavallagarðs vegna skráningarmála. Kristín Huld vék af fundi þegar fjallað var um styrki vegna skráningarverkefna í Borgarfirði og Eyjafirði. Þórsteinn vakti athygli á að hann teldi eðlilegt að skráningarmál væru málefni Kirkju- og kirkjugarðaráðs. Bent var á að nauðsynlegt væri að móta stefnu vegna kostnaðar við skráningu minningarmarka. Stefnt er að því að koma með áætlun um skráningu kirkjugarða inn á næsta fund Kirkjugarðasambandsins.

| Kirkjugarðar | Úthlutun 2006 | Verkefni |
|----------------------------------|---------------|---|
| Múlaprófastsdæmi | | |
| Hjaltastaðir | 400 | Greiða niður skuld við kirkju |
| Þingmúli | 1.000 | Stækkun og lagfæring |
| Austfjarðaprófastsdæmi | | |
| Reyðarfjörður | 900 | Hlaða grjótvegg |
| Skaftafellsprófastsdæmi | | |
| Bjarnanes | 400 | Ljúka framkvæmdum |
| Kálfafellsstaður | 500 | Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 80 |
| Hof í Örafum | 350 | Bílastæði |
| Þykkvabæjarklaustur | 450 | Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 27 |
| Skeiðflöt/Sólheimakapella | 100 | Endurnýjun á umgjörð og lýsing |
| Rangárvallaprófastsdæmi | | |
| Eyvindarhólar | | Göngustígur og lagfæring á hleðslu |
| Kross | 100 | Hlaða grjótvegg og áhaldahús |
| Breiðabólsstaður | 900 | Stækkun garðs og gerð bílastæðis |
| Stórólfsvoll (Hvolsvöllur) | 1.500 | Gerð nýs kirkjugarðs |
| Keldur | 300 | Endurhlaða kirkjugarðsvegg |
| Oddi | 600 | Hönnun, hleðsla, tröppur o.fl. |
| Þykkvibær | 400 | Bæta aðkomu að kirkju og garði |
| Marteinstunga | | Bygging þjónustuhúss. Gjaldendur 67 |
| Árnesprófastsdæmi | | |
| Tungufell | 800 | Endurnýja girðingu o.fl. |
| Hruni | 100 | Stækkun kirkjugarðs |
| Villingaholt | 500 | Gerð bílastæðis |
| Skálholt | 800 | Hleðsla, hellulögn og lýsing |
| Torfastaðir | 1.100 | Stækkun og endurbætur |
| Miðdalur | 250 | Greiða niður skuld við kirkju |
| Kjalarnesprófastsdæmi | | |
| Grindavík | 500 | Stækkun kirkjugarðs |
| Reynivellir | 100 | Til lagfæringar kirkjugarðs |
| Reykjavíkurprófastsdæmi | | |
| Hólavallagarður | 500 | Lokaskráning minningarmarka |
| Hólavallagarður | 1.000 | Lagfæra minningarmörk og steypujárnsgrind. |
| Borgarfjarðarprófastsdæmi | | |
| Saubær á Hvalfjarðarströnd | 500 | Gerð bílastæðis |
| Lundur | 100 | Til hönnunar og undirbúnings |
| Stóri-Ás | 450 | Lagfæra garð og endurnýja girðingu |
| Hvammur | 100 | Grjóthleðsla og endurbætur |
| Snæfellsnes- og Dalapr. | | |
| Fáskrúðarb v/Rauðamels | 375 | Greiða niður skuld |
| Staðastaður | 400 | Bæta aðkomu, lagfæra klukknaport og girðing |
| Snóksdalur | 700 | Endurnýja girðingu, sáluhlíð o.fl. |

| | | |
|----------------------------------|---------------|---|
| Hjarðarholt/Búðardalur | 1.000 | Þjónustuhús, endurnýjun girðingar o.fl |
| Barðastrandarprófastsdæmi | | |
| Saubær á Rauðasandi | 2.000 | Ljúka gagngerum endurbótum |
| Sauðlauksdalur | 300 | Greiða niður skuld |
| Ísafjarðarprófastsdæmi | | |
| Mýrar | 200 | Endurnýja umgjörð, stækka og lagfæra |
| Núpur | 100 | Greiða niður skuld |
| Ögur | 100 | Rétta við og lagfæra gömul minningarmörk |
| Húnavatnsprófastsdæmi | | |
| Hólmavík | 800 | Lagfæra girðingu, stíga, grafarsvæði o.fl. |
| Hvammstangi | 1.000 | Ný þjónustuaðstaða kirkjug. Gjaldendur 490 |
| Þingeyrar | 750 | Þjónustuhús. Gjaldendur 95 |
| Auðkúla | 200 | Gagngerar endurbætur á garði og bílastæði |
| Svínavatn | 100 | Lagfæringar á hleðslu og stíg. |
| Spákonufell/Skagaströnd | 1.200 | Gagngerra endurbóta á garðinum |
| Skagafjarðarprófastsdæmi | | |
| Glaumbær | 400 | Stækkun og lagfæring á garðflöt |
| Keta | 700 | Endurnýja umgjörð, sáluhlið o.fl. |
| Þingeyjarprófastsdæmi | | |
| Grenivík | 600 | Þjónustuhús gjaldendur 300 |
| Grenjaðarstaður | 150 | Gerð bílastæðis og hellulögn |
| Skinnastaður | 200 | Endurnýjun girðingar o.fl. |
| Niðurlagðir kirkjugarðar | | |
| Klausturhólar | 300 | Ljúka lagfæringum |
| Gamli garð. Svínavatni | | Lagfæra garðinn og gamla hleðslu |
| Gamli garð. á Siglufirði | 400 | Söguskilti, lagfæring legsteina og gróðurs. |
| Gamli garð. Svalbarða | 200 | Til gagngerra endurbóta |
| Annað | | |
| KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu | 1.000 | Fræðslumál og útgáfa Bautasteins |
| KGSÍ (In Mem) v/ gagnagr. | 3.000 | Söfnun legstaðaskr, skráning, ítarefnis o.fl. |
| KGSÍ v/rekstrar | 1.500 | Heimasíða, aðalfundur, tekjuútteiling o.fl. |
| KGSÍ v/norræn. ráðst. | 1.000 | Greiða niður tap v/ norrænnar ráðstefnu |
| Fornleifavernd ríkisins | 400 | Skrá minningarmörk í Borgarfjarðarpr. |
| SAMTALS: | 33.775 | |

- Kynning á drögum um breytingar á lögum um kirkjugarða**
Ragnhildur lagði fram drögin með athugasemdum frá biskupi og lagahópi Kirkjuráðs. Ákveðið var að Þórsteinn sendi eintak í tölvupósti til ráðsmanna og að athugasemdir. Kirkjugarðaráðs kæmu síðan í bréfi ef einhverjar væru.
- Sameining kirkjugarðastjórna í Eyjafjarðarprófastsdæmi - bréf**
Þórsteinn kynnti erindið. Lagt fram bréf frá biskupi þar sem hann samþykkir hugmyndir KGSÍ um sameiningu kirkjugarðastjórna landsins. Haldnir hafa verið tveir fundir í Eyjafjarðarbyggð. Hugsunin er að sameina sex stjórnir á hverjum stað, þannig að þær verði tvær í stað tólf. Næsti fundur verður í næstu viku. Þórsteinn hefur samið skýrslu um málefnið þar sem fram kemur að ætlunin er að fækka stjórnnum úr 251 niður fyrir 100 á tfu árum.
- Kynning á fundi með stjórn kirkjugarða Húsavíkur**
Smári og Guðmundar Rafn áttu fund með stjórn kirkjugarða Húsavíkur.

Kirkjugarðar Húsavíkur óskaði eftir styrk. Hann á og rekur safnaðarheimili. Stjórninni var bent á að heppilegt væri að skilja að stjórn kirkju og kirkjugarðs.

8. Svör vegna aðalskipulags: Kjósarhrepps, Álftaness og Garðabæjar

Guðmundur Rafn lagði fram svarbréf sem hann hafði ritað vegna erindanna. Stjórnin samþykkti bréfin.

9. Önnur mál

Smári vakti athygli á að kirkjur og kapellur hafi verið undanskildar fasteignagjöldum. Nú vill Akureyrarbær breyta þessu og fá greidd fasteignagjöld af kapellunni í garðinum.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari